

Skýrsla um viðskipti með hlutabréf á árinu _____

1. Nafn fjármálastofnunar/milligönguaðila	2. Kennitala
3. Heimilisfang	

Æskilegt er að skýslunni sé skilað til RSK í tölvutæku formi samkvæmt færslulýsingu sem nálgast má á vefsíðu RSK www.rsk.is

frá fjármálastofnunum og öðrum sem annast kaup, sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf

Á þessu eyðublaði skal tilgreina heildarviðskipti fjármálastofnunar eða milligönguaðila við eða í þágu hvers viðskiptaaðila.

15. Blað nr.

4. Nafn viðskiptaaðila	5. Kennitala/skattkennitala	6. Heimilisfesturíki	7.-10. Hlutabréf í íslenskum félögum				11.-14. Hlutabréf í erlendum félögum						
			7. Fjárhæð keypra bréfa	8. Nafnverð keypra bréfa	9. Fjárhæð seldra bréfa	10. Nafnverð seldra bréfa	11. Fjárhæð keypra bréfa	12. Fjöldi keypra hluta	13. Fjárhæð seldra bréfa	14. Fjöldi seldra hluta			
Samtals													

RSK 2.08 0812

LEIÐBEININGAR

Í 2. mgr. 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er kveðið á um að allir aðilar, þ.m.t. bankar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, verðbréfamarkaðir og aðrir, sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra skýrslu um slík viðskipti og aðila að þeim, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Fylla ber út eyðublað þetta fyrir alla viðskiptaaðila fjármála- stofnana (eða annarra aðila), hvort sem um einstaklinga eða lögaðila er að ræða, án tillits til þess hvort aðili ber hér á landi fulla eða takmarkaða skattskyldu, þ.e. hvort sem aðilar eiga heimilisfesti hér á landi eða erlendis.

Fram kemur í 7. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að aðilar sem bera hér á landi takmarkaða skattskyldu skuli greiða tekjuskatt af söluhagnaði af eignarhlutum í íslenskum fyrirtækjum, þ.m.t. vegna sölu hlutabréfa. Með íslenskum fyrirtækjum er átt við félög, sem skráð eru hér á landi.

Reitir 1-3

Í reiti 1-3 skal tilgreina nafn, kennitölu og heimilisfang fjármálastofnunar eða þess aðila sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti eða aðra umsýslu með hlutabréf, m.a. eigin hlutabréf.

Reitur 4

Í reit 4 skal greina nöfn viðskiptaaðila, þ.e. þeirra aðila sem hlutabréf eru keypt eða seld fyrir á viðkomandi ári. Með viðskiptaaðilum er átt við alla aðila, einstaklinga sem lögaðila.

Reitur 5

Í reit 5 ber að færa kennitölu viðskiptaaðila, einstaklings eða lögaðila.

Ef um erlendan aðila er að ræða ber að tilgreina hér skattkennitölu viðkomandi (Tax Identification Number (TIN)) sem honum hefur verið gefin samkvæmt lögum og reglum þess lands þar sem hann á heimilisfesti erlendis að því er skattskyldu varðar. Liggi hún ekki fyrir skal afla upplýsinga um auðkennisnúmer viðtakanda (Identification Number eða Social Security Number) þar sem hann á heimilisfesti. Í fremri hluta þessa dálks skal skrá bókstafinn **T** þegar um skattkennitölu (TIN (Taxpayer identification Number)) er að ræða eða bókstafinn **A** liggi hún ekki fyrir og um annað erlent auðkennisnúmer er að ræða.

Reitur 6

Í reit 6 skal tilgreina heimilisfestarríki viðskiptaaðila ef það er annað en Ísland. Það skal gert með því að færa inn landa- lykil þess lands þar sem viðtakandi greiðslu á heimilisfesti erlendis að því er skattskyldu varðar. Landalykilinn skal vera í samræmi við staðalinn ISO 3166 (tveir bókstafir), t.d. DK fyrir Danmörk, sbr. lista yfir landalykla fyrir heimilisfestarríki. Upplýsingar um landalykla má nálgast á heimasíðu ríkisskattstjóra www.rsk.is/iso/3166.

Reitur 7

Í reit 7 ber að gera grein fyrir samanlagðri fjárhæð keyptra hlutabréfa sem fjármálastofnun (eða annar aðili) hefur haft milligöngu um í þágu viðskiptaaðila á viðkomandi ári. Reitir þessi á við þegar um er að ræða viðskipti með hlutabréf í íslenskum félögum.

Reitur 8

Í reit 8 ber að gera grein fyrir samanlögðu nafnverði keyptra hlutabréfa sem fjármálastofnun (eða annar aðili) hefur haft milligöngu um í þágu viðskiptaaðila á viðkomandi ári. Reitir þessi á við þegar um er að ræða viðskipti með hlutabréf í íslenskum félögum.

Reitur 9

Í reit 9 ber að gera grein fyrir samanlagðri fjárhæð seldra hlutabréfa sem fjármálastofnun (eða annar aðili) hefur haft milligöngu um í þágu viðskiptaaðila á viðkomandi ári. Reitir þessi á við þegar um er að ræða viðskipti með hlutabréf í íslenskum félögum.

Reitur 10

Í reit 10 ber að gera grein fyrir samanlögðu nafnverði seldra hlutabréfa sem fjármálastofnun (eða annar aðili) hefur haft milligöngu um í þágu viðskiptaaðila á viðkomandi ári. Reitir þessi á við þegar um er að ræða viðskipti með hlutabréf í íslenskum félögum.

Reitur 11

Í reit 11 ber að gera grein fyrir samanlagðri fjárhæð keyptra hlutabréfa sem fjármálastofnun (eða annar aðili) hefur haft milligöngu um í þágu viðskiptaaðila á viðkomandi ári. Reitir þessi á við þegar hlutabréf eru skráð í hlutum/erlendum félögum.

Reitur 12

Í reit 12 ber að gera grein fyrir samanlögðum fjölda keyptra hluta sem fjármálastofnun (eða annar aðili) hefur haft milligöngu um í þágu viðskiptaaðila á viðkomandi ári. Reitir þessi á við þegar hlutabréf eru skráð í hlutum/erlendum félögum.

Reitur 13

Í reit 13 ber að gera grein fyrir samanlagðri fjárhæð seldra hlutabréfa sem fjármálastofnun (eða annar aðili) hefur haft milligöngu um í þágu viðskiptaaðila á viðkomandi ári. Reitir þessi á við þegar hlutabréf eru skráð í hlutum/erlendum félögum.

Reitur 14

Í reit 14 ber að gera grein fyrir samanlögðum fjölda seldra hluta sem fjármálastofnun (eða annar aðili) hefur haft milligöngu um í þágu viðskiptaaðila á viðkomandi ári. Reitir þessi á við þegar hlutabréf eru skráð í hlutum/erlendum félögum.

Reitur 15

Ef höfð er milliganga um hlutabréfaviðskipti fyrir fleiri aðila en unnt er að gera grein fyrir á eyðublaði þessu, ber að skila eins mörgum eyðublöðum (RSK 2.08) og þörf er á. Í reit 15 skal gera grein fyrir númeri hvers eyðublaðs í þessu skyni.

Æskilegt er að upplýsingum þessum sé skilað til RSK á tölvutæku formi samkvæmt færslulýsingu.

Færslulýsingu má nálgast á upplýsingavef ríkisskattstjóra, www.rsk.is

LANDALYKLAR FYRIR HEIMILISFESTARRÍKI

AF	Afganistan	LT	Litháen
AL	Albanía	LB	Líbanon
DZ	Alsír	LY	Líbía
AR	Argentína	LU	Lúxemborg
AT	Austurríki	MY	Malasía
AU	Ástralía	MT	Malta
US	Bandaríkin	MA	Marokkó
BE	Belgía	MX	Mexíkó
BO	Bólívía	MN	Mongólía
BR	Brasilía	NG	Nígería
GB	Bretland	NO	Noregur
BG	Búlgaríá	NZ	Nýja-Sjáland
CL	Chile	PK	Pakistan
DK	Danmörk	PE	Perú
EG	Egyptaland	PT	Portúgal
EE	Eistland	PL	Pólland
ET	Eþíópía	RO	Rúmenía
PH	Filippseyjar	RU	Rússland
FI	Finnland	ZR	Saír
FR	Frakkland	AE	Sameinuðu arabísku furstadæmin
FO	Færeyjar		
GH	Gana	SA	Sádi-Arabía
GI	Gíbraltar	ZW	Simbabwe
GR	Grikkland	SG	Singapúr
CV	Grænhöfðaeypjar	SK	Slóvakía
GL	Grænland	SO	Sómalía
GT	Gvatemala	ES	Spánn
HT	Haítí	LK	Srí Lanka
NL	Holland	KR	Suður-Kórea
HK	Hong Kong	ZA	Suður-Afríka
IN	Indland	SD	Súdan
ID	Indónesía	CH	Sviss
IQ	Írak	SE	Svíþjóð
IR	Íran	SY	Sýrland
IE	Írland	TH	Taíland
IL	Ísrael	TZ	Tansanía
IT	Ítalía	CZ	Tékkland
JP	Japan	TN	Túnis
JO	Jórdanía	TR	Tyrkland
YU	Júgóslavía	HU	Ungverjaland
CA	Kanada	UG	Úganda
KE	Kenía	UA	Úkraína
CN	Kína	VE	Venesúela
CO	Kólumbía	VN	Víetnam
CU	Kúba	DE	Þýskaland
KW	Kúveit	XX	Önnur ríki
LV	Lettland		